

Norðurþing - Grunnskólinn á Raufarhöfn
Hrund Ásgeirsdóttir
Skólabraut
675 Raufarhöfn



12.1.2021

Framlenging á fresti til úrbóta vegna fyrirmæla Vinnueftirlitsins

Vinnueftirlitið staðfestir hér með að fyrirtækið Norðurþing - Grunnskólinn á Raufarhöfn fái framlengdan frest til úrbóta eftirfarandi fyrirmæla í eftirlitsskýrslu **B 111113**, dags. 16.9.2020.

Athugasemd 1.

Lýsing & mat á aðstæðum:

Ekki hefur verið gert skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði fyrir Grunnskólann, en hún á meðal annars að fela í sér sérstakt áhættumat með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfinu ásamt áætlun um heilsuvernd og forvarnir

Fyrirmæli:

Skólastjóri ber ábyrgð á gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði. Við gerð hennar skal haft samráð við öryggisráðgjafarmann og öryggisvörð og skal henni lokið fyrir veittan frest. Skal áætlunin kynnt í kjölfarið öllum starfsmönnum leikskólans og tryggt að henni verði framfylgt við dagleg störf.

Upphaflegur frestur: 11.1.2021

Lög & reglur:

Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 65. gr.
Reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, 26. og 27. gr.

Tímafrestur til að senda inn tilkynningu um úrbætur er framlengdur til **1.2.2021**

Athugasemd 3.

Lýsing & mat á aðstæðum:

Ekki er fyrir hendi neyðaráætlun fyrir Grunnskóla og Leikskóla vegna eldsvoða eða annarra hamfara.

Fyrirmæli:

Gera skal neyðaráætlun fyrir Grunnskóla og Leikskóla. Það getur valdið starfsmönnum og nemendum aukinni hættu ef viðbrögð við vá eru ekki skipulögð.

Upphaflegur frestur: 11.1.2021

Lög & reglur:

Leiðbeiningar:

Neyðaráætlun ber að gera sem síðan er kynnt fyrir starfsfólki og aðalatriði hennar hengd upp á áberandi stað. Neyðaráætlunin þarf að innihalda áætlun og skráningu æfinga.

Neyðaráætlun skal vera hluti af áhættumati.

32. gr. Fyrirbyggjandi ráðstafanir og tilnefning framkvæmdaraðila.

Atvinnurekandi skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til skyndihjálpar, slökkvistarfs og brottflutnings starfsmanna í samræmi við eðli starfseminnar og stærð fyrirtækis og að teknu tilliti til annarra sem kunna að vera á staðnum.

Lýsing á ráðstöfunum skv. 1. mgr. skulu koma fram í áætlun um heilsuvernd skv. 28. gr.

Neyðaráætlun getur tekið á þáttum eins og:

Hvar á að safnast saman og tilkynna sig?

Staðsetningu öryggisbúnaðar eins og slökkvitækja.

Hvenær á að forða sér?

Hvar eru útgönguleiðirnar?

Eru allir komnir út?

Mismunandi viðbrögð við mismunandi vá, t.d. slysi á starfsmönnum úti á vettvangi.

Tímafrestur til að senda inn tilkynningu um úrbætur er framlengdur til **1.2.2021**

Athugasemd 4.Lýsing & mat á aðstæðum:

Sjáanlegar eru rakaskemmdir eru á útveggjum á göngum á 1.og 2.hæð. Raki eða afleiðingar hans geta rýrt eðlileg heilbrigðis- og hollustuskilyrði innandyrna og mögulega valdið starfsmönnum heilsutjóni. Starfsmen hafa þurft að þurrka upp alltaf 30.ltr af vatni af gólfi.

Fyrirmæli:

Grípa skal til aðgerða til að tryggja að vinnurýmið eða byggingin í heild verði ekki fyrir skaðlegum áhrifum af völdum úrkomu, slagregns, snjóa, krapps, yfirborðsvatns, grunnvatns, jarðraka, byggingarraka, þéttivatns eða loftraka. Tryggja skal að raki eða afleiðingar hans rýri ekki eðlileg heilbrigðis- og hollustuskilyrði innandyrna.

Gera skal tímasetta úrbótaáætlun og skal senda hana til Vinnueftirlitsins fyrir 11. janúar 2021

Upphaflegur frestur: 11.1.2021

Lög & reglur:

581/1995 3. og 7.gr : Reglur um húsnæði vinnustaða

Leiðbeiningar:

Almennt séð telst vöxtur myglusveppa innanhúss vera heilsuspillandi eins og staðfest er í leiðbeinandi reglum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um innloft í sambandi við raka og myglu. Koma skal í veg fyrir að vatn leki inn í hús eða þéttist úr innloftinu og skapi vaxtarskilyrði fyrir myglusveppi. Það eru börn, sjúklingar og gamalt fólk sem er næmast fyrir áhrifum myglusveppa. Áhrif myglu sveppa á fólk eru mjög misjöfn og einstaklingsbundin en algengust eru ofnæmisviðbrögð sem tengjast öndunarfærum. Á vef Umhverfisstofnunar má finna leiðbeiningar frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni um myglu og raka innanhúss sem og leiðbeiningar fyrir íslenskan almenning (Umhverfisstofnun 2015). Mjög margir myglusveppir geta valdið ofnæmi og astma þegar þeir vaxa innanhúss. Í Fungal glossary á vefnum er farið yfir þær ættkvíslir sveppa með tegundir sem geta valdið ofnæmi og astma. Í Samson o.fl. (2010) eru upplýsingar um ýmsa þá sveppi sem vaxa innanhúss, þar á meðal upplýsingar um he

Tímafrestur til að senda inn tilkynningu um úrbætur er framlengdur til **1.2.2021**

Athugasemd 5.

Lýsing & mat á aðstæðum:

Enginn ræstivagn er til staðar í kjallara þar sem eldhús og matsalur eru staðsett. Því þarf starfsmaður að bera þar tæki og búnað sem notað er við ræstingar, auk þess er enginn búnaður til að vinda moppur. Þetta veldur miklu álagi á axlir, bak, handleggi og hendur.

Fyrirmæli:

Hafa skal ræstivagn á hjólum með þar til gerðu tæki sem auðveldar vindu á moppu.

Upphaflegur frestur: 11.1.2021

Lög & reglur:

499/1994, 3. - 4.gr., Reglur um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar

Tímafrestur til að senda inn tilkynningu um úrbætur er framlengdur til **1.2.2021**

Kynning

Fara skal yfir efni þessa bréfs með fulltrúum starfsmanna.

Vakin er athygli á að áður en framlengdur frestur/-ir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið, geiri@ver.is.

Virðingartyllst

f.h. Vinnueftirlitsins


Sigurgeir Ágúst Stefánsson

